

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Tumi Tómasson

og

Finnur Garðarsson

VÍÐIDALSÁ 1984.

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

VMST / R 85021.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST / R 85021

Tumi Tómasson
og
Finnur Garðarsson
júlí 1985.

Viðidalsá 1984.

Inngangur.

Í byrjun júlí 1984 fór fram athugun á laxaseiðastofnum Viðidalsár og Fitjár. Jafnframt var athuguð afkoma sleppiseiða á ólaxgengum hlutum vatnakerfisins, og heimtur sleppiseiða í veiði kannaðar með lestri hreisturs af fullorðnum laxi.

Með rafveiðum á laxgengum hlutum fæst mat á vöxt og hlutfallslegan árgangastyrkleika laxaseiða. Misjafn styrkleikur árganga, heildarþéttleiki seiða (ásetningur) og tíðarfar orsakar breytileika í vexti (lengd, ferskvatnsaldur seiða) og náttúrulegri dánartölu, sem aftur lýsir sér í sveiflum í gengd fullorðinna laxa upp ána. Því er best að túlka niðurstöður rafveiða með samanburði milli ára.

Hreistursýni af fullorðnum löxum veiddum 1984.

Sumarið 1984 var safnað hreistursýnum af alls 128 löxum. Af mynstri hreistursins má ráða hversu mörg ár viðkomandi lax hafi dvalið sem seiði í ánni, hversu mörg ár hann hafi dvalið í sjó og hvort hann hafi gengið til hrygningar í ána áður. Ólæsileg sýni voru fimm og af 123 lesnum sýnum voru sex (5%) af löxum sem höfðu hrygnt áður. Aðrar niðurstöður eru gefnar í töflu 1.

Kambur
Asgeirsa
Viðidalsá
Fitja
Haugakvísl

Tafla 1. Ferskvatns- og sjávaraldur laxa sem veiddust í Víðidalsá 1984.

Ár í ferskvatni (Years in fresh- water as juveniles)	Smálax (1-3 kg)		Stórlax (4-9 kg)	
	Eitt ár í sjó (grilse)		Tvö ár í sjó (salmon)	
	Fjöldi no.	%	Fjöldi no.	%
2	4	33	28	27
3	5	42	16	15
4	2	17	50	48
5	1	8	9	9
6			2	2
Samtals	12	100	105	100

Of fá sýni fengust af smálaxi til að hægt sé að draga af þeim öruggar ályktanir. Athuganir á seiðum á laxgengum hlutum 1980 (Teitur Arnlaugsson 1981) sýndu að þá voru náttúruleg seiði almennt 4 ár í ferskvatni og niðurstöður frá 1984 benda til að svo sé einnig nú, þótt vöxtur hafi e.t.v. batnað eitthvað. Af löxunum sem veiddust 1984, höfðu um 60% dvalið fjögur eða fleiri ár í ferskvatni og er þetta sá hluti veiðinnar sem byggir á náttúrulegri framleiðslu árinna.

Verulegur hluti, um 30%, aflans var af löxum sem einungis höfðu dvalið tvö ár í fersku vatni. Hin síðari ár hefur slíkur vöxtur einungis náðst hjá seiðum sem sleppt hefur verið á ólaxgenga hluta árkerfisins. Líklegast er einhver hluti laxa með þriggja ára ferskvatnsdvöl einnig af sleppiuppruna, en slæmt tíðarfar 1981 og 1983 hefur dregið úr vexti á ólaxgengu svæðunum vegna minnkandi fæðuframboðs og styttri vaxtartíma að sumrinu, en þessir sömu þættir hafa haft enn meiri áhrif á vöxt og viðgang seiða á laxgengu svæðunum.

Það virðist ljóst að um 30% af veiðinni 1984, u.þ.b. 200 laxar, séu árangur sleppinga smáseiða á ólaxgeng svæði árið

1980. Líklegast var sleppt 20-30 þúsund seiðum það ár, og heimtur í veiði því 0,7-1%.

Um 50% af veiðinni, eða 300 laxar, eru árangur klaks 1978, hrygningar 1977. Árið 1977 var mikill lax í ánni og stóðu göngur þá undir tæplega 1800 laxa veiði, þrefaldri veiðinni 1984.

Rafveiðar á laxgengum hlutum.

Almennt má segja að allur laxgengi hluti Fitjár sé mjög vel fallinn til uppeldis laxaseiða, botninn er víðast grýttur og stöðugur og straumhraði mátulegur. Víðidalsá býður upp á uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði efst, en síðan verður botninn finni og skjólminni. Þannig er það vart meir en 1 km kafli sem er góður til uppeldis laxaseiða. Neðar er eflaust einhver hrygning. Malarbotninn veitir minnstu seiðunum viðunandi skjól og fæðu, en síðar leita seiðin í hliðarlæki og sprænur, eins og t.d. Ásgeirsá, til uppvaxtar. Bleikjuseiði þrífast betur á fínum malarbotni og í minni straumi en laxaseiðin. Þegar komið er niður undir þjóðveg breytir áin aftur um svip. Þar er botninn aftur grófari og stöðugri og hentugur laxaseiðum. Áin var ekki skoðuð nema skammt niður fyrir gömlu þjóðvegsbrúna.

Alls var rafveitt á fjórum stöðum á laxgenga hluta Víðidalsár, og sex stöðum á laxgenga hluta Fitjár. Staðirnir eru merktir inn á kort (mynd 1) og niðurstöður settar fram í töflu 2 og á mynd 2. Í töflu 2 eru einnig niðurstöður rafveiða frá 20. september 1980 (Teitur Arnlaugsson, 1981) til samanburðar.

Mjög lítið fékkst af klaki ársins 1984. Þetta er þó enn ekkert áhyggjuefni. Rafveiðitækið veiðir mjög illa svo smá seiði, og reyndar hækkar veiðnin með stærð seiðanna, þ.e. auðveldast er að veiða stærstu seiðin. Jafnframt hafa vorgömul seiði ekki haft tíma til að dreifa sér um ána svo snemma sumars. Árið 1980 fengust mun fleiri vorgömul (0+) seiði, en þá var veitt eftir miðjan september, seiðin stærri og því veiðanlegri og þau höfðu þá einnig haft meiri tíma til að dreifa sér um ána.

Tafla 2. Fjöldi pr.100m² og meðallengd (mm) veiddra laxaseiða í laxgengum hlutum Víðidalsár og Fitjár.

Júlí 1984	Aldur	0+	1+	2+	3+			
Veiðistaðir	Fj.	lengd	Fj.	lengd	Fj.	lengd	Fj.	lengd
Víðidalsá 9	-	-	0,5	46	3,2	71	3,2	88
" 10	1,5	28	3,5	48	3,0	67	2,0	84
" 11	-	-	6,4	44	0,8	60	2,0	82
" 12	-	-	5,7	42	4,7	67	5,7	94
Fitjá 15	-	-	-	-	1,7	65	8,3	81
" 16	0,3	25	0,9	43	4,4	61	12,2	77
" 17	-	-	1,8	46	8,6	64	24,5	82
" 18	-	-	3,3	43	5,0	61	6,7	82
" 19	-	-	5,8	47	2,6	64	12,6	87
" 20	-	-	7,5	46	2,0	63	2,0	88

September 1980

Víðidalsá 10	3,2	44	4,7	60	2,4	83	1,2	105
" 12	10,0	40	13,6	54	3,6	89	4,4	110
Fitjá 15	5,6	44	-	-	7,6	79	3,4	107
" ?	2,4	47	1,0	62	8,1	82	2,9	105

Seiðapéttleiki í Fitjá er mun meiri en í Víðidalsá og endurspeglar þetta góð uppeldisskilyrði Fitjár. Erfitt er að gera raunhæfan samanburð á niðurstöðum rafveiða 1980 og 1984. Niðurstöður ráðast mjög af botngerð, og því verður helst að veiða á nákvæmlega sama stað ef þær eiga að vera samanburðarhæfar. Árið 1984 var veitt 2 1/2 mánuði seinna að sumrinu og seiði samsvarandi árgangs því stærri og auðveiddari. Sumarið 1984 var veiði þriggja ára seiða, verðandi gönguseiða 1985, verulega meiri en 1980, en veiði yngri seiða, 0+ og 1+, var mun meiri 1980. Seiðin 1984

voru áberandi væn, og það virðist ljóst að framleiðsla ánnar skilar sér betur í gönguseiðum nú en þá. Þannig má búast við verulegri aukningu í laxgengd á næstu árum, vegna aukinnar framleiðslu gönguseiða á laxgengum svæðum.

Árangur smáseiðasleppinga á ólaxgeng svæði.

Ólaxgeng svæði vatnasvæðis Víðidalsár hafa verið skoðuð tvisvar áður. Árið 1976 var gerð lausleg forkönnum (Teitur Arnlaugsson 1976), og 1979 skoðaði Rolf Gydemo nokkur svæði ítarlegar og fylgir ljósrit af skýrslu hans.

Þegar ekki er vitað nákvæmlega um fjölda sleppiseiða og dreifingu þeirra á mismunandi svæðum er ómögulegt að meta árangur þeirra nákvæmlega með rafveiðum. Hins vegar má, með því að kanna vaxtarferil sleppiseiða, sem endurspeglast í mynstri á hreistri þeirra, meta hlutfall laxa sem eiga uppruna sinn að rekja til seiðasleppinga. Þetta var gert í kaflanum "Hreistursýni af fullorðnum lögum veiddum 1984".

Alls var rafveitt á 12 stöðum á ólaxgengum svæðum. Niðurstöður rafveiðanna eru settar fram í töflu 3 og á mynd 2, en veiðistaðirnir eru sýndir á mynd 1. Verður nú rætt um hverja á fyrir sig.

Haugakvíslar.

Veitt var á tveimur stöðum í Haugakvíslum. Í nyrstu kvíslinni fékkst mikið af seiðum, en ekkert seiði fékkst í miðkvíslinni og óvíst hvort þar hafi verið sleppt. Botngerð og straumlag voru ákjósanleg fyrir laxaseiði á báðum stöðunum, grýtt og skjólgott. Þó laxaseiði lifi vel svona langt frammi á heiðum, þá er vöxtur þeirra yfirleitt hægari en neðar í ánum (vaxtartímabilið styttra) og ekki er vitað hversu góðum árangri slíkar sleppingar skila. Meðan enn eru vannýtt góð uppeldissvæði neðar á ólaxgengum svæðum, er ekki ástæða til að sleppa nema litlu magni á þessi svæði, og þá merktum seiðum til að raunverulegt mat fái á hagkvæmni sleppinganna.

Tafla 3. Árangur rafveiða á Ólaxgengum svæðum. Öll seiðin voru úr sleppingu frá 1983. Staðsetningar veiðistaða eru sýndar á korti (mynd 1).

Veiðistaður St.veiðisv. Fjöldi Meðall. Staðalfráv. Ath.

				mm		
Haugakvísl	1	20x2m	27	6,7	0,8	Nyrsta kvíslin
"	2	30x2m	0			Miðkvíslin
Víðidalsá	3	30x5m	1	8,8	-	
"	4	40x5m	8	8,4	1,3	
"	5	30x10m	0			
"	6	70x5m	0			
"	7	70x5m	2	6,8		
"	8	70x15m	2	7,8		
Ásgeirsá	13	100x3m	2	8,3		
"	14	60x3m	1	7,1		
Kambsá	21	20x3m	6	9,3	0,6	
"	22*	30x3m	10	9,6	1,3	

*Auk þessa veiddist einn seiðahængur 11,9 sm.

Víðidalsá ofan við Kolugljúfur.

Frá Kolugljúfrum og fram undir Hrappsstaði er árbotninn víðast mól. Yfirleitt er straumstrengur eftir miðri ánni og ekki skjól fyrir laxaseiði nema alveg næst landinu. Á þetta svæði var sleppt seiðum 1983, en þrátt fyrir að rafveitt hafi verið á stórum svæðum fundust sára fá seiði. Árið 1978 var einnig sleppt á þetta svæði, en seiðin fundust ekki í rafveiðum 1979 (sjá skýrslu Rolf Gydemo).

Fyrir framan Hrappsstaði batnar áin mjög og eru þar víðast góð eða ágæt uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði. Þar fékkst á einum stað dálítið af seiðum, og þau voru almennt stærri og betur á sig komin en seiðin neðar. Í framtíðinni ber að leggja aðaláherslu á sleppingar fyrir framan Hrappsstaði.

Öll seiðin sem veiddust voru úr sleppingu 1983 og líklegast fara flest þeirra út sumarið 1985, eftir aðeins tvo vetur í ánni. Nokkur seiði gætu þó dvalist þrjá vetur í ánni.

Ásgeirsá.

Veitt var á tveimur stöðum á ólaxgenga hluta Ásgeirsár. Botngerð árinna er víða góð á stuttum (100-200 m) kafla fyrir ofan brúna, en ofar er botninn mjög fínn og skjóllítill. Áin rennur þar um mýrlend svæði, en á slíkum stöðum eru ár yfirleitt fremur snauðar. Ég tel ekki ástæðu til að halda áfram sleppingu í ána.

Kamsbá.

Veitt var á tveimur stöðum í Kamsbá. Miðað við stærð veiðisvæðanna fengust mörg seiði, öll mjög væn. Reikna má með að öll fari út vorið/sumarið 1985, eftir tvo vetur í ánni. Áin er næringarrík og botngerð og straumlag víðast mjög ákjósanlegt fyrir laxaseiði.

Áframhaldandi ræktunarstarf.

Sveiflur í framleiðslu gönguseiða á laxgengum svæðum eru miklar og lítið hægt við þeim að gera miðað við núverandi nýtingarform (sem skilar mjög góðum tekjum af laxveiðihlunnindum) og þekkingu okkar á samspili stærðar hrygningarstofns og framleiðslu gönguseiða.

Smáseiðasleppingar á ólaxgeng svæði hafa þann kost að þar ráðum við þéttleika seiðanna og best er að hafa hann svo, að ekki sé hætt á fæðuskorti þótt tíðarfar sé slæmt. Þegar illa árar, er hlutfall fullorðinna laxa af sleppiuppruna tiltölulega hátt, og var um 30% í Víðidalsá 1984. Þó eru heimtur í veiði líklega innan við 1%. Með markvissum tilraunum um sleppistaði, sleppitíma og stærð sleppiseiða er næsta öruggt að margfalda má þann árangur sem nú hefur náðst. Ekki er óraunhæft að stefna að um eða yfir 5% heimtum.

Þetta starf er þegar hafið í Víðidalsá. Dagana 18.-25. júlí 1984 var sleppt 40000 smáseiðum á ólaxgeng svæði á vatnasvæði Víðidalsár. Þar af fóru 6000 í Gljúfurá, 15000 í Kambsá, 17500 í Víðidalsá, mest fyrir framan Hrappsstaði, og 1500 í Fitjá fyrir framan fossa. Hluti seiðanna var merktur. Þannig var vinstri kviðaruggi klipptur af 5140 seiðum sem fóru í Víðidalsá, og hægri kviðaruggi klipptur af 5100 seiðum sem sleppt var í Kambsá. Gotraufaruggi var klipptur af öllum seiðunum sem sleppt var í Fitjá. Meðallengd sleppiseiðanna var 60 mm, en flest voru á bilinu 47-67 mm.

Nú í sumar 1985, eru hafnar tilraunir til að kanna áhrif mismunandi sleppitíma á afkomu seiðanna.

Í stað seiðasleppinga getur vel verið hagkvæmt að flytja hrygningarfisk upp fyrir fossa, eða jafnvel að grafa frjóvguð hrogn. Til að slíkt verði raunhæft verður þó að tryggja betri öflun hrygningarfisks, en síðastliðin ár. Ádráttur á haustin er ekki jafn vel séður af öllum. Í flestum tilfellum er hann þó skaðlaus, eða jafnvel að hann hafi jákvæð áhrif. Hins vegar er

þetta óáreiðanleg, erfið og tímafrek aðferð og því ættum við að finna aðrar leiðir. Beinast liggur við að setja gildru í Kolugljúfur. Rekstur slíkrar gildru mætti fjármagna t.d. með sölu klakfisks, slátrun eða sölu í sportveiði annað hvort með því að sleppa laxi uppfyrir og selja veiðileyfi á hann þar, eða með því að aka laxinum niður í Ferjuhyl til að hann verði þá lengur í veiðinni. Þegar gildran er komin verður lítið mál að finna lausn á hagkvæmni í rekstri hennar.

Heimildir.

Rolf Gydemo 1979. Víðidalsá. Skýrsla Veiðimálastofnunar
4 bls.

Teitur Arnlaugsson, 1976. Lífsskilyrði laxs í ófiskgengum
hluta Víðidalsár í V-Húnavatnssýslu. Skýrsla Veiðimála-
stofnunar 2 bls.

Teitur Arnlaugsson, 1981. Seiðakönnun í Víðidalsá 17. og 18.
sept. 1980. Skýrsla Veiðimálastofnunar 6 bls.



English summary.




Growth, distribution and relative density of different year classes of juvenile Atlantic salmon were investigated in Víðidalsá in July 1984, using electrofishing for obtaining samples.

Juvenile salmon in areas accessible to migrating salmon, generally spent four winters in the river before migrating out to sea. In 1984, three year old juveniles were found to be relatively abundant (Table 2) and in good condition, indicating that salmon runs should improve.

For a number of years now, hatchery reared juveniles of the Víðidalsá stock, have been released in areas above impassable falls. In those areas growth is generally much better than in naturally producing areas, and juveniles mostly leave the system after two years.

In 1984, 128 scale samples were collected from adult salmon. The life history of the salmon is recorded in their scales. Of the 128 samples, five were unreadable and six (5%) were from salmon returning to spawn in the river for the second time. Other results are given in Table 1. About 30% (± 200) of the salmon caught in 1981, had resided in freshwater for only two years, therefore originating from the release program. This means 0,7-1% returns to the angling. It is hoped that by enacting a more coherent release program, these returns could be improved dramatically.





Mynd 2. Lengdar og aldursdreifing veiddra laxaseiða á vatnasvæði Viðidalsár 1 - 5 júlí 1984